I. Til forsætisráðherra um sölu á bv. Fonti.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um sölu á bv. Fonti? Ef svo er, hverjir eru þá kaupendur og hvaða ástæður liggja þeirri ráðstöfun til grundvallar?

II. Til menntamálaráðherra um byggingamál Ríkisútvarpsins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvenær hefjast að nýju framkvæmdir við útvarpshúsið?
2. Hvenær er áformað að ljúka fyrsta áfanga?
3. Hvernig verður verkið fjármagnað?

III. Til menntamálaráðherra um framkvæmdir við dreifikerfi og búnað Ríkisútvarpsins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hvaða framkvæmdir eru áformaðar á þessu ári:

a) Við langbylgjukerfi útvarps?
b) Við FM-kerfið?
c) Á öðrum póstum, t. d. varðandi landshlutaútvarp og tæknibúnað í aðalstöðvum útvarps í Reykjavík?
d) Við dreifikerfi sjónvarps?
e) Í litvæðingunni?